

Kaup Fagkaupa ehf. á meirihluta í DS lausnum ehf.

- Pann 10. febrúar 2025 barst Samkeppniseftirlitinu fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupa Fagkaupa ehf. („Fagkaup“) á 70% eignarhlut í DS lausnum ehf. („DS lausnir“) og byrjuðu þá frestir að líða í kjölfarið hinn 11. febrúar. Með ákvörðun þessari dags. 11. mars 2025 lýkur málinu án frekari rannsóknar eða íhlutunar, líkt og nánar er útskýrt hér að neðan.
- Áður en samrunatilkynningin barst áttu samrunaaðilar og Samkeppniseftirlitið í forviðræðum, sbr. 4. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Þannig áttu aðilar bæði í tölvupóstsamskiptum og samstarfi við Samkeppniseftirlitið um upplýsingagjöf þeirra þar sem haldnir voru tveir fundir um m.a. upplýsingagjöf í drögum samrunatilkynningar. Forviðræðum lauk svo með innsendingu fullnægjandi tilkynningar af hálfu aðila. Meðal annars í ljósi forviðræðna sem samrunaaðilar áttu við Samkeppniseftirlitið og þar sem um samsteypusamruna er að ræða, ákvað eftirlitið að heimila skil á styttri tilkynningu sbr. 7. mgr. 17. gr. samkeppnislaga og 2. mgr. 10. gr. reglna nr. 1390/2020.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Fagkaup 70% af hlutafé í DS lausnum og munu DS lausnir því verða undir yferráðum Fagkaupa. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
- Í samrunaskrá kemur fram að Fagkaup sé í fullri eigu AKSO ehf., sem sé svo í jafnri eigu Boga Þórs Siguroddsonar og Lindu Bjarkar Ólafsdóttur. Starfsemi Fagkaupa megi skipta í ellefu rekstareiningar og nýti félagið nokkur vörumerki í starfsemi sinni. Þær rekstareiningar séu; Johan Rönnung, S. Guðjónsson, Áltak, Vatn og veitur, Varma og vélaverk, Ísleifur, Sindri, Fossberg, KH vinnuföt, Hagblikk og Þétting. Þessar einingar sérhæfi sig í ólíkum vörum og þjónustu á sviði markaðar fyrir byggingariðnað, m.a. á svokölluðum MRO-markaði (e. maintenance, repair and operations). Einn undirmarkaður MRO-markaðar sé markaður fyrir sölu og útleigu steypumóta og fylgihluta, en Áltak sé starfandi á þeim markaði að sögn aðila.
- DS lausnir séu í fullri eigu Daníels Sigurðssonar, sem jafnframt gegnir stöðu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra félagsins. Starfsemi DS lausna felist annars vegar í sölu og útleigu byggingakrana og hins vegar í sölu og útleigu á bílkrönum að sögn aðila. Starfsemi DS lausna skarast að mati samrunaaðila óverulega við starfsemi Fagkaupa.
- Samrunaaðilar telja að þeir markaðir sem DS lausnir starfi á séu;
 - Útleiga bílkrana (farandkrana) með mönnun, ásamt annarri nauðsynlegri þjónustu sem nýtist viðskiptavininum í því verkefni sem hann er að sinna (e. Full Service rental)
 - Útleiga byggingakrana (e. Bare rentals)
 - Sala bygginga- og bílkrana (e. Sales)
 - Sala og útleiga á öðrum vörum og þjónustu (e. Services)
- Að sögn samrunaaðila starfi Fagkaup ekki á umræddum mörkuðum, en sé starfandi á markaði fyrir sölu og útleigu steypimóta og fylgihluta. Möguleg tengsl séu á milli þess markaðar og svo



markaðar fyrir sölu og útleigu á bygginga- og bílkrönum, sem DS lausnir starfi á, sökum þess að framangreindar vörur séu oft á tíðum notaðar við sama tímamark í byggingaframkvæmdum. Þessir tveir markaðir, þ.e. sala og leiga steypumóta og fylgihluta og sala og leiga á byggingakrönum, kunni því að teljast tengdir markaðir.

8. Að mati samrunaaðila verði þó engin skaðleg samkeppnisleg áhrif af samrunanum. Samrunaaðilar starfi að mestu leyti á ótengdum mörkuðum og hefur samruninn því hvorki lárétta né lóðrétta skörun. Þá komi samruninn ekki til með að hafa áhrif á markaðshlutdeild Fagkaupa á þeim mörkuðum sem félagið starfar á.
9. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna helstu keppinauta og viðskiptavina DS lausna sem getið var til um í samrunaskrá, en viðkomandi gerðu ekki athugasemdir við samrunann.
10. Líkt og fram hefur komið þá starfa samrunaaðilar að langmestu leyti á ótengdum mörkuðum og lítil eða engin skörun virðist vera á starfsemi þeirra. Með samrunanum verður engin breyting á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun lítil eða engin, og ekki eru neinar vísbendingar um að samruninn muni hafa neikvæð áhrif á þá markaði sem hann snertir. Er því um að ræða svokallaðan samsteypusamruna sem almennt eru taldir síður líklegir til þess að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.
11. Samkeppniseftirlitið hefur haft þónokkur samrunamál til skoðunar síðastliðin ár er varða byggingamarkaðinn. Á síðastliðnum fimm árum hefur Samkeppniseftirlitið heimilað fimm samruna þar sem Fagkaup var kaupandi félaga sem starfa innan byggingariðnaðarins, n.t.t. KH vinnuföt ehf., ÍJ ehf., Hagblikk ehf., BG Fossberg ehf. og Jóhann Ólafsson & Co. ehf. Samkeppniseftirlitið mun áfram leggja ríka áherslu á eftirlit með byggingariðnaðinum, fylgjast vel með samrunum á þeim markaði og gæta þess að þeir skaði ekki samkeppni með umtalsverðum hætti.
12. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þrátt fyrir að sala og/eða leiga á byggingar- og bílkrönum annars vegar og sala eða útleiga á steypumótum hins vegar geti talist til tengdra markaða eru ekki gögn eða vísbendingar í máli þessu til marks um að kaupin hafi í för með sér skaðleg útilokunaráhrif í garð keppinauta sem leiði til þess að samruninn sé ólögmætur af þeirri ástæðu. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Fagkaupa ehf. á 70% eignahlut í DS lausnum ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson